



Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Við Austurvöll
150 Reykjavík

SA/

Rvk. 3. mars 2003

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum, 130. mál, félagsgjöld, 128. löggjafarþing 2002-2003.

Í frumvarpi þessu er lagt til að félagsgjöld sem launþegar greiða til stéttarfélaga verði frádráttarbær frá tekjuskatti. Flutningsmenn rökstyðja tillöguna með því að félagsgjöld fyrirtækja til samtaka atvinnurekenda séu frádráttarbær frá tekjum. Samtök atvinnulífsins telja þann samanburð ekki eiga við þar sem allt önnur sjónarmið liggja að baki skattlagningu fyrirtækja en launamanna. Yfirskattanefnd hefur úrskurðað að gjaldfærsla tiltekinna félagsgjalda fyrirtækja sé í samræmi við 31. gr. laga 75/1981 þannig að aðild að vissum félögum styrki möguleika þeirra til tekjuöflunar. Skattalögin heimila hins vegar ekki að launamenn dragi frá tekjum sínum þann kostnað sem þeir leggja í til að afla tekna. Gildir þá einu hvort um er að ræða menntun, vinnuföt og ferðir til og frá vinnu. Frádráttarbærni stéttarfélagsgjalda er því í andstöðu við grundvallaratriði í skattlagningu tekna launamanna. Ef tillaga flutningsmanna yrði samþykkt er vandséð hvar hægt yrði að setja mörkin við frádráttarbærni ýmissa gjalda launamanna frá tekjuskattstofni. Samþykkt hennar hlyti því að veikja undirstöður tekjuskattkerfisins. Í ljósi þess að um 85% launamanna eru í stéttarfélögum og að félagsgjöld eru oft 1% af launum og gjarnan hærri þá má ætla að tekjuskatthlutfall ríkisins þyrfti að hækka um 0,4% ef tekjur ríkissjóðs ættu að vera óbreyttar eftir slíka breytingu.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri